

Lungnapestarbóluefni

Lungnapestarbóluefnið er gert úr dauðum bakteríum (*Pasteurella multocida*, *Mannheimia haemolytica* og *Bibersteinia trehalosi*), sem hafa verið gerðar óvirkar með formalínmeðferð. Bóluefnið er hættulaust fyrir féð, jafnvel í stórum skömmtum.

Bólusetningarleiðbeiningar:

Notið dauðhreinsaðar sprautur og nálar. Gætið ávallt ítrasta hreinlætis. Skipta skal oft um nálar og strax ef nál óhreinkast.

Hver kind er bólusett undir húð með 1 ml af bóluefninu, innanvert á læri eða framan á herðakamb. Eftir 10-14 daga er bólusetningin endurtekin með jafnstórum skammti. Full vörn næst ekki fyrr en eftir 2 bólusetningar (grunnbólusetning). Eftir grunnbólusetningu er nóg að bólusetja féð einu sinni á ári.

Þar sem lungnapest hefur komið upp, er rétt að bólusetja næstu 3-4 árin og þá grunnbólusetja ásetningslömb. Komi lungnapest upp, má gera ráð fyrir henni á nágrannabæjum árið eftir, og því ráðlegt að bólusetja féð haustið eftir að veikinnar hefur orðið vart í sveitinni.

Varnaðarorð:

Hlífa skal fénu við hvers kyns hnjaski og áreynslu þar til viku eftir seinni bólusetninguna.

Fyrning og geymsla bóluefnis:

Notið bóluefnið ávallt fyrir þann tíma sem stimplaður er á glösin. Helst skal klára úr áteknum glösum innan sólarhrings frá því að byrjað er á þeim. Bóluefnið skal geyma á köldum, dimmum stað (2-8°C).

Biðtími fyrir afurðanýtingu: 0 dagar.